

**Nr. 18-037 S 023 Bjarni Þór*****Skipverji slasast á fæti***

*Skipaskr.nr.*: 2748  
*Smíðaður*: Spánn 2008, stál  
*Útgerð*: Grindavíkurhöfn  
*Stærð*: 32,08 bt  
*Mesta lengd*: 14,99 m    *Skráð lengd*: 14,87 m  
*Breidd*: 4,68 m    *Dýpt*: 2,4 m  
*Vél*: Caterpillar 544 kW, 2008  
*Fjöldi skipverja*: 3



Bjarni Þór©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 28. september 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 4. mars 2018 var dráttarbáturinn Bjarni Þór í Grindavíkurhöfn. Veður: 6–7 m/sek. Hiti: -2°C.

Báturinn var að bíða eftir því að fylgja skipi úr höfninni og keyrði með stefnið í bryggjuna. Skipverji steig á bryggjuna en rann til með þeim afleiðingum að hann féll og fótbrotnaði á hægri fæti.

**Við rannsókn kom fram:**

- að skipverjinn ætlaði að þrífa bátinn að framan og þurfti að fara upp á bryggju til að ná í vatnsslöngu;
- að þegar hann steig niður á bryggjuna af stefni bátsins var hæðarmunurinn á milli báts og bryggju um 60 sm (tvö fet);
- að engin hreyfing var á bátnum;
- að bryggjan var slétt en áratuga gömul trébryggja og taldi slasaði að mögulega hafa verið fiskislor á henni.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.